

# Foreldrafélag Lágafellsskóla

## Stjórnarfundur 5. Nóvember 2014

„Það þarf heilt þorp til þess að ala upp barn“

(Gamalt afrískt máltæki)

Fundur settur: 19:45

Mættir: Óskar Kristjánsson, Jón Ólafur Halldórsson, Halldór Björgvinsson, Kristín Ásta Ólafsdóttir og Sigrún Sigurhjärtardóttir.

---

Stjórnandi fundarins – Óskar Kristjánsson

1. Stjórnin skipti með sér verkum.

Hlutverkaskipan:

- Varaformaður: Melkorka Matthíasdóttir
- Ritari: Stjórnarmenn skiptast á
- Gjaldkeri: Jón Ólafur Halldórsson
- Svæðisráð: Jón Ólafur Halldórsson Óskar Kristjánsson, Sigrún Sigurhjärtardóttir  
Varamenn: Halldór Björgvinsson, Þórhallur Jóhannsson.

2. Uppbygging foreldrasamfélagsins

- Aðalfundur FFLS: Hefur öll völd til ákvörðunartöku.
- Stjórn: Kosin til tveggja ára nema formaður er kosin til eins árs.
- Fulltrúaráð: Bekkjafulltrúar + foreldrafélag, er bruðarás foreldrafélagsins og leggur ráðið línur fyrir starf vetrarins.
- Skólaráð: Fulltrúar foreldra í skólaráði bera upp erindi foreldrafélagsins á fundum skólaráðs og fylgja þeim eftir.

3. Starfið framundan.

- Innan skólans – Stofnun vinnuhópa
  - Mannvirki, lóðir og öryggi (mjög virkur)  
Meðlimir: Jón Þór, Óskar, Halldór og Róbert Ásgeirsson. Reynt verður að fá fleiri með í hópinn.

- Innra starf (þarf að efla)

Meðlimir: Ákveðið að Óskar leiði hópinn a.m.k. fram yfir áramót en staðan skoðuð aftur þá. Aðrir: Kristín Ásta Ólafsdóttir. Reynt verður að fá fleiri með í hópinn.

- Skemmtinefnd (koma á fót)

Meðlimir: Ákveðið að óska eftir að Inga Friðný stýri hópnum en með henni sitji Kristín Ásta og reynt verði á næstu dögum að fá fleiri með í hópinn.

- Kjörnefnd (koma á fót)

Finna leiðir til þess að virkja bekkjafulltrúa, skipuleggja fulltrúabing og móta starfsreglur til þess að tryggja sem best lýðræðislega uppbyggingu foreldrasamfélagsins.

Meðlimir: Óskar Kristjánsson, Þórhallur Jóhannsson og reynt verði á næstu dögum að fá fleiri með í hópinn.

- Innan bæjarfélagsins

- Svæðisráð:

Meðlimir: Óskar Kristjánsson, Jón Ólafur Halldórsson og Sigrún Sigurhjärtardóttir.

Varamenn: Þórhallur Jóhannsson og Halldór Björgvinsson.

Lagðar voru fram eftirfarandi tillögur:

- Ákveðið að leggja til bókunar á fyrsta fundi skólaráðs allar samþykktir og ályktanir sem gerðar voru á síðasta skólaári í stjórn og á aðalfundi foreldrafélagsins.
- Nefndarformenn allra hópa geri fjárhagsáætlun í samráði við gjaldkera. Tillaga var samþykkt.
- Svæðisráð óskar eftir samþykki FFLS til að leggja fram tillögu um: Að svæðisráð grunnskólaforeldra hlutist til um að stofnaður verði vettvangur/samtök fyrir foreldra leik-, grunn-, og framhaldsskóla sem fái heitið Mosforeldrar. Tillaga var samþykkt.
- Að stjórn foreldrafélagsins fái aðgang að mentor fyrir 5 ára nemendur. Tillaga var samþykkt.
- Lögð var fram bókun varðandi efndir vegna skipulags við skólabyggingu Höfðabergs: Loforð vegna aksturs barna frá Höfðabergi hefur ekki staðist. Börn þurfa að ganga yfir á svæði Lágafellsskóla til að komast í íþróttir eftir skóla.
- Ákveðið að stefna að jólabingói þann 29 nóvember 2014.

- Fundadagar FFLS verði 3. miðvikudag í mánuði, kl. 19:30. Næsti fundur verður 19 nóvember 2014.

Fundi slitið kl: 21:15